

Rannsóknastefna Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar Háskólans á Hólum.

Vor 2017

1. Inngangur:

Stefna þessi byggir á rannsóknastefnu Háskólans á Hólum, sem samþykkt var af háskólaráði 21. desember 2015. Rannsóknastefnan tekur mið af þeim grunngildum sem varða rannsóknir og til þess stoðkerfis skólans sem snýr að rannsóknum.

Fiskeldis- og fiskalíffræðideild hefur um árabil stundað öflugar rannsóknir, sem hafa vaxið á síðustu árum. Þessi vöxtur sést í aukningu rannsóknartekna, birtra ritrýndra greina og fjölda nemenda í framhaldsnámi (M.Sc. og PhD námi). Deildin hefur góða aðstöðu til rannsókna og hefur markvisst leitast við að bæta hana á síðustu árum.

2. Grunnildi:

Fiskeldis- og fiskalíffræðideild leggur áherslu á akademískt frelsi starfsmanna sinna hvað varðar val á viðfangsefnum til rannsókna. Deildin leggur áherslu á að rannsóknir deildarinnar taki til þriggja meginþátta úr rannsóknarstefnu skólans: Öflunar gagna, gagnrýnnar úrvinnslu og miðlunar þekkingar. Að sama skapi leggur deildin áherslu á að starfsmenn hennar og nemendur séu hluti af alþjóðlegu fræðasamfélagi með kynningu rannsókna á alþjóðlegum ráðstefnum og með birtingu á ritrýndum greinum í viðurkenndum tímaritum.

3. Uppbygging rannsókna:

Akademískir starfsmenn móta í sameiningu rannsóknaráherslur, m.a. með reglulegum samráðsfundum, sem stuðla að þróun rannsókna deildarinnar (viðhengi 1). Ákvarðanir um ráðningu starfsmanna eru teknar á grundvelli þessarara áherslna. Ráðningarferlið frá auglýsingu starfa til ráðningar skal vera sem gagnsæjast, endurspegla rannsóknaráherslur deildarinnar og vera í samræmi við verklagsreglur skólans um ráðningar. Deildin vill laða að hæfasta starfsfólk sem völ er á með því að auglýsa allar stöður bæði innanlands og á alþjóðlegum vettvangi.

Deildin vinnur markvisst að uppbyggingu rannsóknaraðstöðu í samræmi við rannsóknaráherslur (viðhengi 1) og sækir til þess utanaðkomandi styrki. Allir akademískir starfsmenn deildarinnar koma að gerð uppbyggingaráætlunar deildarinnar. Fiskeldis- og fiskalíffræðideild styður við rannsóknir innan deildarinnar með þróun rannsóknaraðstöðu við deildina og með vinnu starfsmanna stoðkerfis hennar, sem að hluta til er fjármögnuð með samrekstrarhluta rannsóknastyrkja.

4. Stuðningur við rannsóknir:

Háskólinn á Hólum styður við rannsóknavinnu akademískra starfsmanna í gegnum ferðasjóð (sjá reglur) og með því að gefa starfsmönnum tækifæri til þess að fara í rannsóknaleyfi (sjá reglur).

5. Stjórnun á gæðum rannsókna:

Fiskeldis- og fiskalíffræðideild leggur ríka áherslu á að þær rannsóknir sem stundaðar eru innan deildarinnar séu í hæsta gæðaflokki og njóti viðurkenningar alþjóðlegs fræðasamfélags. Deildin leggur áherslu á að rannsóknir innan hennar séu framkvæmdar á heiðarlegan hátt þar sem leitast sé við að lágmarka áhrif á lífverur og umhverfi, en annars er vísað til siðaregla Háskólans á Hólum (http://www.holar.is/almennt_efni/sidareglur).

5.1. Varðveisla á afurðum rannsókna:

Deildin mun koma sér saman um verklagsreglur hvað varðar geymslu og birtingu gagnasafna (viðhengi 2) og leggur áherslu á mikilvægi þess að verkefnisstjórar rannsóknarverkefna og leiðbeinendur í námsverkefnum sjái til þess að gagnasöfn séu sannreynd og yfirlésin til að lágmarka villur.

Deildin mun koma sér saman um leiðbeinandi reglur hvað varðar geymslu og skráningu á sýnum sem aflað er og mikilvægt talið að varðveita (viðhengi 3). Slíkt sýnasafn verði gert aðgengilegt fyrir aðra vísindamenn til að auka samnýtingu af rannsóknum.

5.2. Samstarf og innra gæðamat

Deildin leggur áherslu á að þeir sem stunda rannsóknir við deildina hittist reglulega til að ræða um framgang og niðurstöður þeirra, móta stefnu um sameiginlegar rannsóknir og veita þannig hver öðrum aðhald og aðstoð.

5.3. Afurðir rannsókna

- Afurðir rannsókna er einn mælikvarði á rannsóknavirkni og að mörgu leyti gæði rannsóknastarfs. Deildin leggur áherslu á mikilvægi þess að sjálfsaflafé til rannsókna við deildina viðhaldist milli ára og lækki ekki frá því sem var árin 2014/2015.
- Deildin stefnir að því að árlega verði fyrir hvern fastráðin akademískann starfsmann birt að minnsta kosti ein ritrýnd grein í alþjóðlegum tímaritum, auk greina í íslenskum vísindaritum. Deildin leggur áherslu á að akademískir starfsmenn og rannsóknarnemendur kynni niðurstöður á innlendum og alþjóðlegum vísindaráðstefnum.
- Afurðir rannsókna deildarinnar verða skráðar í CRIS kerfi íslenskra stjórnvalda.

6. Þátttaka rannsóknarnema.

Deildin leggur áherslu á þátttöku rannsóknarnema (MS, PhD og verknámsnema) í rannsóknarverkefnum. Lögð er áhersla á að skýr ákvæði séu um hlutverk og skyldur nema og leiðbeinendur þeirra í reglum um leiðbeiningu og í leiðbeiningasamningi sem samþykktur er af framhaldsnámssviðið skólans.

7. Sýnileiki rannsókna

Deildin leggur áherslu á að rannsóknir við deildina séu sýnilegar, bæði hvað varðar birtingu niðurstaðna, og á vef skólans.

- Deildin leggur áherslu á að vefur deildarinnar, jafnt á íslensku og ensku, gefi skýra mynd af starfsemi á hverjum tíma.
- Deildin leggur áherslu á að allir akademískir starfsmenn geri rannsóknastarf sitt sýnilegt á persónulegum vefsíðum.
- Lögð er áhersla á að reglulega séu birtar fréttir af rannsóknarstarfi deildarinnar.

Deildin leggur áherslu á að niðurstöður rannsókna hennar séu gerðar aðgengilegar öllum, sbr. reglur stjórnvalda um opinn aðgang.